

**M-81/2017. Álit 7. júní 2018.**

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 7. júní 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-81/2017.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Pann 3. nóvember 2017 bað X hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á þjónustu af Y hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur seljanda hafa valdið skemmdum á fasteign sinni við framkvæmd þjónustunnar og krefst skaðabóta.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 28. mars 2018, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 1. júní 2018, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi festi kaup á þjónustu af seljanda, sem var framkvæmd af fyrirtæki að nafni Z, en þjónustan fólst í slípun á parketi í fasteign álitsbeiðanda. Í auglýsingum vegna þjónustunnar var því haldið fram af hálfu seljanda að framangreint fyrirtæki væri með 25 ára reynslu í parketslípun. Raunin varð hins vegar sú að sá sem vann verkið var ekki með 25 ára reynslu, ekkert fyrirtæki með þessu nafni er skráð hjá fyrirtækjaskrá, en samkvæmt upplýsingum álitsbeiðanda keypti sá sem innti þjónustuna af hendi kaup á tækjum til verksins í september árið 2017. Álitsbeiðandi segir að gólfið í fasteign sinni sé ónýtt eftir að þjónustan var framkvæmd. Álitsbeiðandi greiddi 142.000 krónur fyrir þjónustuna en seljandi hefur þegar endurgreitt álitsbeiðanda þá fjárhæð eftir að í ljós kom hversu illa farið gólfið í fasteign hennar er eftir þjónustuna. Það þarf nú að skipta um gólf í fasteign álitsbeiðanda og laga skemmdir, gólflistar eru ónýtir og málningarslettur eru á veggjum og innréttingum.

Álitsbeiðandi hefur krafði seljanda um greiðslu skaðabóta vegna viðgerðarkostnaðar en seljandi hefur ekki fallist á greiðsluskyldu og leitar álitsbeiðandi því til kæruneftndarinnar. Telur álitsbeiðandi að seljandi hefði aldrei átt að auglýsa slíka þjónustu án þess að kynna sér bakgrunn fyrirtækisins eða tryggja að upplýsingar í auglýsingunni væru réttar.

### **IV**

#### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Seljandi sá ekki sjálfur um að framkvæma þá þjónustu sem álitsbeiðandi festi kaup á. Seljandi sá hins vegar um að auglýsa þjónustuna og gerði í kjölfarið samning við álitsbeiðanda um framkvæmd verksins eftir að greiðsla barst frá álitsbeiðanda til seljanda. Álitsbeiðandi festi því kaup á þjónustu af seljanda og gerði samning um framkvæmd

þjónustunnar við seljanda. Falla viðskipti aðila því undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup og telst seljandi þjónustuveitandi í skilningi laganna, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi þjónustu með samningi við seljanda sem fólst í slípun á parketi í fasteign álitsbeiðanda. Seljandi auglýsti þann aðila sem framkvæmdi verkið sem reyndan fagmann með 25 ára reynslu en í ljós kom að ekkert fyrirtæki stendur að baki þjónustuaðilanum og hafði eigandi starfseminnar nýlega tekið við henni þegar verkið var framkvæmt. Við framkvæmd þjónustunnar urðu verulegar skemmdir á gólfi álitsbeiðanda líkt og sjá má á myndum sem voru meðfylgjandi álitsbeiðni. Málningarslettur eru á gólfi og gólflistum, litur á parketinu er verulega ójafn, augljós skil eru í gólfi á milli lita auk þess sem gólfið er nokkuð rispað. Seljandi hefur þegar endurgreitt álitsbeiðanda þær 142.000 krónur sem hún greiddi fyrir kaup á þjónustunni en álitsbeiðandi hefur ekki fengið bætt það tjón sem varð á parketinu í fasteign hennar. Álitsbeiðandi krefst þess fyrir kærunefndinni að seljandi bæti henni það tjón sem hún varð fyrir þegar þjónustan var framkvæmd.

Kærunefndin álitur að ákvæði 25. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) eigi við í málinu en það mælir fyrir um skaðabótaskyldu seljanda ef tjón verður á eignum neytanda við vinnu eða í tengslum við þjónustu. Ákvæðið er svohljóðandi:

*„Verði tjón á eignum neytanda þegar verk er unnið eða í tengslum við það eða hlutur sem afhentur hefur verið seljanda þjónustu glatast eða skemmist ber seljanda að bæta það tjón nema hann sanni að hann hafi ekki sýnt af sér vanrækslu.“*

Fyrir liggur að gólfið í fasteign álitsbeiðanda er verulega illa farið eftir parketslípunina og það þarf að slípa gólfið að nýju til að koma því í ásættanlegt ástand. Einnig þarf að skipta um gólflista og þrifa innréttingar í fasteigninni.

Ekkert fyrirtæki er starfrækt af hálfu verktakans sem sá um að slípa parketið í fasteign álitsbeiðanda og af gögnum málsins verður ráðið að álitsbeiðandi hafi reynt að fá upplýsingar frá seljanda um þann aðila til að geta sótt bætur til hans, en einu upplýsingarnar sem seljandi gat veitt var um þann einstakling sem var skráður fyrir og framkvæmdi þjónustuna.

Kærunefndin álitur að álitsbeiðandi eigi rétt á skaðabótum vegna þess tjóns sem varð á gólfi fasteignar hennar við framkvæmd þjónustunnar. Seljandi tók að sér að auglýsa og síðar gera samning um þjónustu með því að gefa upp rangar upplýsingar, án þess að kynna sér réttmæti þeirra staðhæfinga sem settar voru fram. Álitsbeiðandi varð því fyrir tjóni í tengslum við þá þjónustu sem seljandi veitti, með gerð samnings um kaup á þjónustunni, og sýndi seljandi af sér vanrækslu við upplýsingagjöf. Verður seljandi því, eins og máli þessu er háttáð, að bera ábyrgð á því tjóni sem álitsbeiðandi varð fyrir á gólfinu í fasteign sinni.

## VII Álitsorð

Seljanda, Y, ber að greiða álitsbeiðanda, X, skaðabætur samkvæmt reikningi sem álitsbeiðanda ber að leggja fram, vegna þess kostnaðar sem álitsbeiðandi verður fyrir vegna viðgerða á parketi, gólflistum og þrifa í fasteign hennar.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson